

58

11. maí

8. gr.

Þegar sjóðurinn nær þeirri upphæð, að útborgaðir vextir meir en hrökkva til framangreindra styrkveitinga og umbóta húsgagna sjúkaskýlisins, skal leggja það, sem afgangur verður í sérstakan sjóð, er nefnist „Sjúkaskýlissjóður Síðu-heraðs“, og verja til sérstakrar sjúkaskýlisbyggingar á Breiðabólstað, fyrir áðurgreind byggðarlög, er sé gert úr steinsteypu, og búið öllum þeim nýttíkuþægindum, er þá gerast.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Borg á Mýrum, 31. marz 1932.

Magnús Bjarnarson.

59

31. maí

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu frá
2. apríl 1928.

Aftan við 12. gr. bætist:

Þó getur sýslunefnd falið öðrum umsjón með viðhaldinu, ef hún telur það heppilegra.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

60

13. júní

R E G L U G E R Þ

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.,
frá 2. nóvember 1917.

Inn í 42. gr. á eftir orðunum „þar sem aðalrétt stendur“, komi: einnig má afhenda sauðfé til sölu að afloknum töfludrætti í fyrri Stafnsrétt.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt 42. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12, 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

60
13. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

61
14. júní

fyrir Austur-Eyjafjallahrepp, um sundnám sem skyldunámssgrein við barnaskóla hreppsins.

1. gr.

Öllum heimilisföstum unglíngum á aldrinum frá 12—16 ára, er skylt að stunda sundnám í heitri sundlaug í hreppnum allt að 4 mánuðum samtals.

Þó skal jafnan undanþiggja þá unglínga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

2. gr.

Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—200 krónum. Sektir renna í sveitarsjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er samkvæmt lögum nr. 39, 27. júní 1925, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1932.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. júní 1932.

F. h. r.
G. Sveinbjörnsson.

Gissur Bergsteinsson.